

Vinadagur

Markmið: Að nemendur átti sig á hvað gerir góðan dag með vinum að góðum degi. Hvaða hegðun þarf nemandi að sýna, hvað getur hann gert til að gera daginn sinn að góðum degi.



Lýsing: Leiðbeinandi útskýrir verkefnið fyrir nemendum með því að biðja þá að sjá fyrir sér fullkominn dag með vinum.

Dagurinn er á enda og þið hafið átt rosalega góðan dag með vinum ykkar þar sem þið brölluðu margt skemmtilegt saman.

Verkefnalýsing: „Skrifaðu í skýið hvað þið gerðuð saman. Hvað þú gerðir sem gerði daginn svona rosalega skemmtilegan. Hvernig komstu fram við vini þína þennan dag? Hvernig hegðaðir þú þér (varstu rólegur, spenntur, brosandi)? Hvernig leið þér? Hvernig líður þér núna?“

Í dag var ég með vinum mínum, Óla og Ara. Við fórum saman heim til mín eftir skóla og fórum í apaleik. Apaleikur er leikur sem ég bjó til með vinum mínum og við skemmtum okkur rosalega vel. Ég leyfði Ara að leika „aðal apann“ en hann var ekki búinn að fá að vera aðal apinn í marga daga. Ég var því mjög tillitsamur og leyfði öðrum að leika hlutverk sem mig langaði svolítið sjálfur til að leika. Ég var mjög brosandi enda var svo gaman hjá okkur. Ég var einnig stundum fyndinn og sagði alls konar brandara. Eitt skiptið meiddi Ari sig og ég lét mömmu vita sem kom og hjálpaði, ég var því frekar hjálpsamur líka.

Þegar apaleikurinn var búinn fórum við saman út að leika og buðum Jóa vini að vera með. Þarna var ég mjög vingjarnlegur og leyfði öðrum að vera með.

Mér leið mjög vel með vinum mínum og er mjög sáttur eftir